

# Vita streck och Öjvind

Höfundur texta og mynda: Sara Lundberg (Svíþjóð).

Alfabetta, 2011

Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2013

Söguþráður: Vita malar stöðugt langt, hvítt og beint strik þegar hún gengur eftir veginum gegnum landslagið. Þetta er vegurinn hennar. Það kemst regla á umferðina. Þá feykir Öjvind þar að og hann lendir ofan í málningarfötu Vitu. Öjvind skilur eftir sig hvít fótspor um allt og vindurinn teiknar krúsidúllur. Vita verður reið. Við erum bæði dugleg að mála, segir Öjvind áður en hann feykist burt á ný. Vita ákveður að fara að leita að Öjvind en þá getur hún ekki lengur fylgt ákveðinni leið. Hún villist.

Efnisorð: líf, hugmyndaflug, vinátta, frelsi, fjölbreytni, hugrekki

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðaðu myndirnar með barninu. Sjáið þið alls konar fólk? Sjáið þið alls konar farartæki? Talið um litina. Hvernig eru myndirnar þegar vindurinn blæs?

Hjálpíð Öjvind að feykjast yfir á næstu síðu í bókinni.


### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna. Um hvað heldurðu að bókin sé?

2. Vita malar strik. Sum eru mjó og önnur breið. Finnst þér gaman að mála og teikna? Hvaða fleiri liti sérð þú á myndunum? Hvers vegna heldur þú að Vita máli með hvítum lit?

3. Öjvind teiknar líka með hvítum lit en hann notar ekki pensil. Hvernig malar hann og teiknar?

4. Teiknið eða málið saman hvít strik á svart blað. Komið ykkur saman um titil á listaverkið.



ISBN 978-952-7572-68-9

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Vita er vön að ganga beint áfram og mála sífellt strik, segir í bókinni. Hún fylgir alltaf veginum. Hvað heldur þú að geti gerst ef hún hættir að fylgja veginum eða gengur í aðra átt? Hvernig er Öjvind? Segðu frá út frá því sem þú sérð á myndunum.

2. Vita reiðist þegar Öjvind stígur ofan í málningarfötuna hennar og skilur eftir sig fótspor úti um allt. Þau verða samt vinir. Hvernig verða þau vinir? Hvað gerist með strikin hennar Vitu þegar hún fer að leita að Öjvind? Hvað gerist með bílana og fólknið?

3. Teiknaðu og málaðu mynd af striki sem nær gegnum landslagið þitt.

4. Hvar heldur þú að sagan gerist?

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Skoðaðu myndirnar í bókinni. Hvaða mynd finnst þér best? Hvað er á myndinni? Hvernig notar mynda höfundur strik og liti í myndunum? Hvernig myndir þú lýsa stemningunni í myndinni?

3. Ímyndaðu þér ef Vita hefði haldið áfram allt lífið að ganga eftir sama veginum og mála hvít strik án þess að mæta Öjvind. Hvernig hefði það verið? Hvað heldur þú að gerist þegar nýjar manneskjur hittast og fara að tala saman?

4. Í lok bókarinnar hittir Vita Alvaro. Hver er hann? Alvaro segir „Kannski finnur Öjvind þig?“ Heldurðu að það sé rétt? Hvað heldur þú að gerist ef Vita og Öjvind hittast aftur?

5. Ímyndaðu þér að Vita sendi Öjvind bréf með vindinum. Teiknaðu eða skrifaðu bréf til Öjvind þar sem vindurinn er aðalatriðið.

6. Sara Lundberg hefur búið til margar myndabækur. Spurðu á bókasafninu hvort hægt sé að fá lánaðar eða panta fleiri bækur eftir hana, og skoðið myndirnar saman. Eftir hverju tekurðu á myndunum? Hvernig heldur þú að vinnustofa Söru líti út þegar hún er að vinna myndirnar sínar? Gætir þú hugsað þér að vinna sem myndahöfundur?

#### AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Glömdagen. Höfundur: Sara Lundberg.

Jag och alla. Höfundur texta: Ylva Karlsson. Höfundur mynda: Sara Lundberg.

Joels färger. Höfundur: Isela Valve.

#### MÁLAMOLI

## "Pensill"

sænska

Pensel

danska

Pensel

norska

Pensil

íslenska

Pensill

færeyska

Pensil

grænlandska

Qalipaasiut

finnska

Sivellin

norðursamíska

Pensel



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)